

Nr. 53/1912.

Sveinn Björnsson fyrir hönd
Rich Ekwalls
gegn
Stefáni Björnssyni.

D ó m u r :

Í máli þessu, þar sem áfryjað er til staðfestingar gestaréttardómi Reykjavíkur, uppkveðnum 8. desemberm. 1911, hefir stefndi, Stefán Björnsson, krafist þess, að málinu verði vísað frá yfirdóminum fyrir þá skuld, að honum hafi eigi verið veittur nægur stefnufrestur, og verður að taka þessa kröfu til greina, með því að yfirdómsstefnan var birt fyrir stefnda 26. nóv. f. á. og honum með henni var stefnt til að mæta í yfirdóminum 9. desember næst á eftir, og hefir stefndi, sem búsettur er í Mýrasýslu, þannig eigi fengið stefnufrest samkvæmt tilskipun 11. júlí 1800, 15. gr. Eftir kröfu stefnda verður að dæma honum hæfilegar ómaksbætur, er ákveðast 30 kr.

Því dæmist rétt vera :

Máli þessu víasast frá yfirdómi. Áfryjandi Sveinn Björnsson fyrir hönd Rich. Ekwalls greiði stefnda Stefáni Björnssyni málskostnað fyrir yfirdómi 30 kr., er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.